

# MÆLINGAR


KRAKKAHÓPUR 3-6 ÁRA U.D.B. 4 BÖRN.

## Framkvæmd

1. Hægt að skipta þessu verkefni í tvennt þar sem hitamælir virkar með Sparkvue forritinu en Science journal eftir Google mælir ljós, hraða, hávaða og fleira.
2. Ef það á að skoða hitastig er gott að vera búin að koma fyrir vatni í skálar, heitt, kalt, snjó ef það er vetur og klaki.
3. Því næst er stafrænn hitamælir tengdur við Sparkvue forritið í iPadinum og börnin mæla hitastigið og fylgjast með grafinum sem myndast við að fara frá heitu í kalt og aftur kalt í heitt. Síðan er grafið skoðað og börnin læra að heitt er þegar línan fer upp á grafinu en ef vatnið er kalt þá fer línan niður.
4. Ef það á að skoða hraða þá er forritið Science journal eftir Google opnað og hraðamælir valinn (accelerometer x). Þá er hægt að setja iPadinn í tösku og börnin hlaupa til að sjá hvernig hraði virkar. Hægt er að mæla út 50-100 m og skoða hraða hvers og eins barns. Börnin skoða grafið og tengja eins og með hitann að ef hratt þá fer línan upp en ef hægt þá fer línan niður.
5. Börnin skiptast á að prófa sig áfram í mismunandi mælingum.

## EFNIVIÐUR

IPAD  
VATN Í MISMUNDI HITASTIGI,  
HEIT, KALT, KLAKA, SNJÓ  
TÖSKU  
SPARKVUE  
SCIENCE JOURNAL EFTIR  
GOOGLE



Markmið – hvað viljum við að  
þau læri/uppgötvi/skapi

- Upplýsingatækni
- Vísindalegar athuganir
- Skilja graf, ef línan fer upp þá er það heitt eða hratt og ef línan fer niður er það kalt eða hægt

Hvað er gott að hafa í huga

- Hægt að gera inni og úti
- Allt hægt að mæla, börn eru mjög hugmyndarík.